

Fundargerð

220. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs Þriðjudaginn 29. mars 2016 kl. 12¹⁵–14³⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS) (fjarverandi) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Guðfinnur Johnsen (GJ)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)
Lúðvík Gústafsson (LG)
Árni Jóhannsson (ÁJ) (vm. BS)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðast fundar
- (2) Raf- og rafeindatæki
- (3) Glerumbúðir
- (4) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (219. fundar).

Samþykkt

3. Raf- og rafeindatæki

Lögð voru fram á fundinum þrjú erindi er varða meðhöndlun á raf- og rafeindatækjaúrgangi. Tvö frá Sorpu og eitt frá Efnamóttökunni. Efni erindanna varða í aðalatriðum endurgjald Úrvinnslusjóðs fyrir raf- og rafeindatækjaúrgang m.t.t. lagaskyldu um greiðslu fyrir kostnað við geymslu úrgangsins á söfnunarstöðvum sveitarfélaga og mat Sorpu á þessum kostnaði.

ÓK fór yfir útreikninga Sorpu á geymslukostnaði. Kostnaður raftækja var metinn eftir fermetrum sem raftækjagámar taka auk nauðsynlegs þjónustusvæðis fyrir hvern gám. Einnig fór hann yfir annan kostnað sem Sorpa tiltók í erindi sínu.

Á síðasta fundi stjórnar (nr. 219) var ákveðið var að leita eftir sambærilegum upplýsingum um frá öðrum sveitarfélögum. Fátt var um svör, og var lagður fram tölvupóstur frá LG því til staðfestingar.

Brottfallin gjaldskrá UAR var til umræðu á síðasta fundi stjórnar (nr. 219). Send var fyrirspurn til UAR um forsendur og túlkun ráðuneytisins á sínum tíma á lagaákvæði um greiðslu geymslukostnaðar og hvort þær forsendur ættu ekki ennþá við. Enn hefur svar ekki borist. Lögð var fram gamla gjaldskráin á fundinum og svar UAR við fyrirspurn á Alþingi um raftæki (Þskj. 1360 — 614. mál), m.a. um geymslukostnað raftækjaúrgangs á söfnunarstöðvum - sp. 8.

Í nefndarálitum umhverfisnefndar (Þskj. 1155-327. mál), sem lögð var fram á fundinum, er áréttað að sveitarfélögum skuli heimilt að innheimta gjald fyrir afnot skilakerfa af aðstöðu á

söfnunarstöðvum sínum en ekki til að greiða kostnað við gerð slíkrar aðstöðu sé hún ekki fyrir hendi.

Stjórnarnamenn ræddu stöðuna út frá þeim gögnum er liggja fyrir. GGÞ lagði til að fulltrúar frá sveitarfélögunum ásamt UAR og ÚS skyldu hittast of fara yfir stöðuna.

Stjórn samþykkir að óska eftir fundi með UAR. ÓK falið að koma á fundi.

Umræðu frestað.

3. Glerumbúðir

ÓK fór yfir að söfnun glerumbúða hefur verið til skoðunar hjá Úrvinnslusjóði um nokkurn tíma. Lögð var fram á fundinum, annars vegar skýrsla ÓK um ferð til Danmerkur í maí 2015 og hins vegar minnisblað ÓK frá maí 2014. Úrvinnslusjóður og Endurvinnslan hf. fengu Eflu verkfræðistofu til að gera líftímagreiningu á endurvinnslu glerumbúða. Niðurstaða líftímagreiningu hefur verið kynnt fyrir stjórn sjóðsins. Endursöluverð á glerumbúðum er mjög lágt þannig að nánast allur kostnaður við meðhöndlun mun leggjast á umbúðirnar við framleiðslu eða innflutning.

ÓK falið að halda málinu áfram.

4. Önnur mál

Lagt var fram minnisblað sem og gögn af fundi GGÞ og ÓK með forsvarsmönnum Efnamóttökunnar um ýmis mál.

Næsti fundur ákveðinn 12. apríl 2016.

Fundi slitið kl 14.30